

Nesfréttir

FEBRÚAR 2020 • 2. TBL. • 33. ÁRG. • www.borgarblod.is



Pétur Theodór Árnason og Íris Björk Símonardóttir voru kjörin íþróttamaður- og kona Seltjarnarness 2019, kjörið fór fram fimmtudaginn 30. janúar að viðstöddu fjölmenni í Félagsheimili Seltjarnarness. Sjá nánar á bls. 6.

Hard Rock CAFE
REYKJAVÍK
HÁDEGISTILBOÐ
★★★★★
kr. 1.490.-

Haga vagninn
- Hofsvallagata 52 -

- Stanslaust stuð
á Safnanótt
bókasafnsins
- bls. 8-9

Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP

SELTJARNARNESBÆR
www.seltjarnarnes.is

Systrasamlagid
Öðlingsgata 1 - Reykjavik
Sími: 511 6367
Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA
Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka



Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Heft umferðarflæði

Seltjarnarnesbær hefur gert athugasemdir við nokkrar framkvæmdir á umferðargötum í Vesturbæ Reykjavíkur. Víkja þær einkum að þrengingum gatna við stoppistöðvar og ljósastillingu. Bæjaryfirvöld telja þær hefta umferðarflæði til og frá Seltjarnarnesi og brjóta í bága við samkomulag sveitarfélaganna frá árinu 2013.

Ísvari Reykjavíkurborgar er því neitað að verið sé að ganga á þetta samkomulag. Ekki er þó eining í borgarstjórn um að svo sé. Nokkrir borgarfulltrúar létu bóka að Seltjarnarnesi sé fangi Reykjavíkur í umferðarmálum.

Tæpast hugkvæmist nokkrum að byggja mismög gatnamót eða viðlíka mannvirki við Hringbrautina vestan Melatorgs. Bygging undirganga er nokkuð sem mætti hugleiða. Þau yrðu fyrst og fremst fyrir gangandi og hjólandi fólk. Þau myndi auka öryggi þess en hafa mjög takmörkuð áhrif á umferð bíla.

Hvar sem mörk sveitarfélaganna liggja þá er Seltjarnarnes og Vesturbær Reykjavíkur ein umferðarheild. Umferð af Seltjarnarnesi og úr Vesturbænum að hluta liggur í gegnum íbúðahverfi. Það setur stofnbrautum ákveðin mörk.

Ein leið til þess að koma hraðbraut fyrir í Vesturbæ Reykjavíkur væri að breyta Ægisíðunni í stofnbraut með tengingu suður fyrir Reykjavíkurlflugvöll. Varla nokkrum kæmi slík framkvæmd til hugar. Því síður myndi hún hljóta samþykki. Önnur leið væri að leggja Hringbrautina í stokk. Dýr mannvirkjagerð sem ekki er í augsyn.

Seltirningar verða líkt og aðrir íbúar á vesturhluta höfuðborgarsvæðisins að setta sig við þær umferðaræðar sem eru til staðar. En eru þeir fangar Reykjavíkur?



Flottar konur á góðum aldri voru einkennandi á Mýróballinu.

Bráðskemmtilegt Mýróball

Mýróball var haldi í félagsheimilinu á Seltjarnarnesi þann 8. febrúar sl. Þar komu saman nemendur úr Mýrarhúsaskóla úr árgöngum 1947 til 1957 og skemmtu sér og rifjuðu upp gamla daga. Allt að 150 mans mætti á ballið.

Boðið var upp á fordrykk við komuna og svo var mjög góður pinnamatur í boði fram eftir kvöldi. Stefán Halldórsson úr árgangi 1949 var veislustjóri. Haldnar voru ræður frá ýmsum árgöngum og



svo var dansað fram á miðnætti. Hljómsveitin sem lék fyrir dansi lék gömlu og góðu löginn t.d. lög Bítlanu og Rolling Stones.

Húsfélagþjónusta

Eignaumsjón leiðandi í 17 ár

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ Mínar síður
- ✓ Húsbók þjónustusaga húss
- ✓ Auk annarrar þjónustu

• EIGNAUMSJÓN www.eignaumsjon.is



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070




Finndu okkur á
Facebook

DAGSKRÁ MARS 2020

Gallerí Gróttu – Sýning

Sigurður Magnússon

sýnir verk sín í Gallerí Gróttu á sýningunni **Inngrip**.
Sýningunni lýkur 22. mars.



2. mars kl. 20–22

SelGARNanes og nágrenni

Áhugafólk um hannyrðir hittist einu sinni í mánuði og á notalega stund saman við handavinnu, hjálpar hvert öðru og deilir hugmyndum.
Allir velkomnir. Nánar á FB-síðu hópsins: **SelGARNanes og nágrenni**



3. mars kl. 19.30–20.30

BÓKMENNTAKVÖLD – Bragi Ólafsson og Staða pundsins

Bragi Ólafsson rithöfundur fjallar um og les upp úr bók sinni **Staða pundsins** sem tilnefnd var til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2019.



4. mars kl. 17–17.30

Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesin verður sagan **Skrímslin í myrkrinu**.
Höfundur:
Áslaug Jónsdóttir



5. mars kl. 17.30–18

BRASS Á TÓNSTÖFUM

Brassband Tónlistarskólans kemur fram og spilar gamla góða standara og slagara inn á milli. Allir velkomnir!



21. mars kl. 11.30–12.30

Lesið fyrir hund – Vigdís Vinir gæludýra á Íslandi

Börnum býðst að heimsækja safnið og lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að í hvert skipti.



Skráning á sigridur.gunnarsdottir@seltjarnarnes.is

23. MARS kl. 17.30–18.30

HORMÓNAJÓGA

Rakel Fleckenstein Björnsdóttir hormónajóga- og hathajógakennari og þýðandi bókarinnar **Hormónajóga – leið til að endurvekja hormónabúskap þinn** heldur erindi um og kynnr bókina.



27. mars kl. 17

Sýningaropnun í GALLERÍ GRÓTTU

Íris Ösp Sveinbjörnsdóttir

opnar myndlistarsýningu sína **HRINGIR** sem er hluti af HönnunarMars. Sýningunni lýkur 2. maí.



Ertu ekki örugglega á póstlistanum?

Skráðu þig á Bókasafni Seltjarnarness eða sendu póst á bokasafn@seltjarnarnes.is og við setjum þig á listann.



Bókasafn Seltjarnarness

Opnunartími:

Mán. - fim. 10-19 og fös. 10-17. Lau. 11-14

Eiðistorgi 11, 170 Seltjarnarnes, Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is

Gjöld fyrir skóladagvistun og skólamat

Hækka mest á Seltjarnarnesi

Heildargjöld fyrir skóladagvistun og skólamat á Seltjarnarnesi hækkuðu mest á milli ára mest eða um 10,1%. Gjöldin hækkuðu í öllum 15 stærstu sveitarfélögum landsins en voru alltaf um eða undir 2,5% nema í tilviki Seltjarnarnesbæjar. Þetta eru niðurstöður verðkönnunar Alþýðusambands Íslands á skóladagvistun og skólamat. Gjöldin á Seltjarnarnesi voru þau hæstu meðal 15 stærstu sveitarfélaganna fyrir breytinguna og eru enn.



Mikill munur er á heildargjöldum fyrir skóladagvistun og skólamat milli sveitarfélaga. Mestur munur eða 17.157 krónur er á hæstu gjöldunum sem eru á Seltjarnarnesi, 42.315 krónur, og þeim lægstu sem eru í Fjarðarbyggð eða 25.158 krónur. Munurinn á hæstu gjöldunum og þeim lægstu er því 154.413 krónur á ári.

Seltjarnarnesbær gengur ekki í takt með öðrum sveitarfélögum hvað þessi gjöld varðar. Kjarabætur lífskjarasamningsins voru gerðar á þeim grunni að bæturnar sem um var samið yrðu ekki teknar til baka annars staðar. Drífa Snædal forseti Alþýðusambands Íslands segir að Seltjarnarnesbær hafi ákveðið að hunska þetta. Ekki sé nóg með að kostnaður þar sé einn sá hæst fyrir heldur hækki sveitarfélagið skóladagvistun og skólamáltíðir margfalt umfram verðbólgu. Þetta sé óskiljanleg ákvörðun og sannanlega ekki til hagsbóta fyrir fjölskyldufólk í bæjarfélaginu. Þetta sé slæm ákvörðun sem þurfi að breyta strax.“



Ráðagerði á Seltjarnarnesi.

Ráðagerði aftur til sölu

Húseignin Ráðagerði á Seltjarnarnesi hefur verið auglýst til sölu. Seltjarnarnesbær festi kaup á húsinu fyrir um tveimur árum á 100 milljónir króna. Ætlunin var að kanna hvort unnt yrði að vera með menningartengda starfsemi í húsinu og af þeim sökum nýtti bærinn forkaupsrétt að því.

Kaup Seltjarnarnesbæjar á húsinu voru umdeild og fannst sumum bæjarbúum of mikið að bærinn væri að festa kaup á húsi fyrir 100 milljónir. Jafnframt væri það ekki í verkahring bæjarins að standa í rekstri á kaffihúsi. Af þeim rekstri varð ekki og er húsið nú aftur til sölu.



„Það er meira val en maður heldur“

Kynntu þér lífeyrissparnað



Árni Heimir bæjarlistamaður

Árni Heimir Ingólfsson tónlistarmaður og tónlistarfræðingur var útnefndur Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2020 við hátíðlega athöfn í Bókasafni Seltjarnarness í gær þriðjudaginn 28. janúar. Þetta er í 24. sinn sem bæjarlistamaður er heiðraður.

Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur er fæddur árið 1973. Árni Heimir er með BM-próf í píanóleik og tónlistarsögu frá Oberlin-tónlistarháskólanum í Ohio og doktorsgráðu í tónlistarfræði frá Harvard-háskóla. Hann hefur kennt við Listaháskóla Íslands, verið tónlistarstjóri og listrænn ráðgjafi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og kynnt íslenska tónlistarsögu víða um heim. Hann hefur sinnt rannsóknum á íslenskrí tónlistarsögu frá miðöldum fram á 20. öldina. Þær hafa getið af sér fjölda greina og fyrirlestra, en einnig bækur og geislaplötur sem hlotið hafa tilnefningar og verðlaun. Bók Árna Heimis Jón Leifs – Líf í tónum var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðiritna 2009 og Saga tónlistarinnar – Tónlist á Vesturlöndum frá miðöldum til nútímans hlaut sömu tilnefningu 2016. Geisladiskarnir Melódía frá 2007 og Hymnodia sacra frá 2010 með tónlist úr íslenskum nótnahandritum fyrri alda hlutu báðir Íslensku tónlistarverðlaunin í flokki sígildrar tónlistar.



Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2020, Árni Heimir Ingólfsson tónlistarmaður og tónlistarfræðingur ásamt Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra og Guðrúnu Jónsdóttur formanni menningarnefndar Seltjarnarnesbæjar.



SUMARSTÖRF HJÁ SELTJARNARNESBÆ 2020

Seltjarnarnesbær vill ráða ungt fólk til sumarstarfa 18 ára og eldri (fædd 2002 og eldri). Um er að ræða almenn garðyrkjustörf, verkamannastörf, skapandi sumarstörf og ýmis afleysingastörf. Einnig er auglýst eftir ungmennum 20 ára og eldri (2000 og eldri) í störf yfirflokkestjóra, flokkstjóra og leiðbeinenda.

Skilyrði fyrir ráðningu er að eiga lögheimili á Seltjarnarnesi.

Sækja skal um störf á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, www.seltjarnarnes.is – Störf í boði.

Umsóknarfrestur er til 16. mars 2020

Nánari upplýsingar um hvert starf og starfstímabil eru á umsóknasíðu á seltjarnarnes.is

VINNUSKÓLI 8. – 10. BEKKUR OG 17 ÁRA F. 2003

Vinnutími Vinnuskóla verða 7 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 2003 og 2004.

Vinnutími verða 3,5 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 2005 og 2006. Ekki er unnið á föstudögum. Vinnutímabil Vinnuskólans er frá 15. júní til 23. júlí.

Umsóknarfrestur er til 26. apríl 2020

Vinnuskólinn verður settur 11. júní kl. 11:00 í Valhúsaskóla

Sótt er um störf á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, www.seltjarnarnes.is. – Störf í boði. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu og í þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar í síma 5959 100.

KJÖR Á ÍPRÓTTAMANNI OG KONU SELTJARNARNESS 2019

Íris Björk og Pétur Theodór kjörin

Kjör íþróttamanns- og konu Seltjarnarness fór fram fimmtudaginn 30. janúar að viðstöddu fjölmenni í Félagsheimili Seltjarnarness.

Kjörið fór nú fram í 27. skiptið en það var fyrst haldið 1993. Kjórið er í umsjón íþrótt- og

tómstundanefndar Seltjarnarness, sem vill með kjörinu vekja athygli á gildi íþróttar, öflugu íþróttastarfi á Seltjarnarnesi og verðlauna sérstaklega afreksíþróttamenn úr hópi bæjarbúa. Jafnframt voru veitt verðlaun til landsliðsfólks, ungs og efnilegs íþróttafólks auk

þess sem Íslandsmeistarar voru sérstaklega verðlaunaðir. Einnig voru veitt verðlaun fyrir félagsstörf.

Öllu þessu flotta íþróttafólki eru sendar innilegar hamingjuóskir með viðurkenningar og frábæran árangur.

Íþróttakona Seltjarnarness 2019

Íris Björk Símonardóttir er fædd árið 1987 og er uppalin með Gróttu, var markmaður liðsins upp í meistaraflokk og varð Íslands- og bikarmeistari með félaginu 2015 og 2016. Hún hefur frá árinu 2018 verið markmaður Vals og var á síðasta ári valin besti leikmaður Olís deildarinnar, besti markmaður deildarinnar auk þess sem hún hlaut Sigríðar-bikarinn sem er veittur fyrir mikilvægasta leikmann deildarinnar.

Nú í desember var hún svo tilnefnd sem handknattleikskona ársins 2019. Íris Björk hefur í mörg ár átt sæti í A landsliði kvenna og gaf aftur kost á sér eftir nokkurra ára hlé nú síðastliðið haust. Hún á að baki 71 landsleik með liðinu og hefur skorað í þeim 4 mörk.

Íris Björk er hjúkrunarfræðingur að mennt, er gift tveggja barna móðir og er frábær fyrirmynd fyrir aðra iðkendur innan sem utan vallar.

Íþróttamaður Seltjarnarness 2019

Pétur Theodór Árnason er fæddur og



Pétur Theodór Árnason og Íris Björk Símonardóttir, Íþróttamaður og kona Seltjarnarness 2019.

uppalinn á Seltjarnarnesi. Hann er 24 ára gamall og lék upp alla yngri flokkana með Gróttu. Þegar Pétur var aðeins 16 ára gamall spilaði hann sína fyrstu leiki með Gróttu í 1. deild og lék einnig með U16 ára landsliði Íslands á Norðurlandamótinu. Þá um haustið

fór Pétur á reynslu til enska liðsins Reading og var viðloðandi landsliðshópa næstu misseri. Sumarið 2013 lenti Pétur í því áfalli að slíta krossband í hné og ári síðar, eftir margra mánaða endurhæfingu, slitnaði krossbandið aftur. Síðan þá hefur ferill Péturs farið smám saman upp á við en hann kom sterkur inn í Gróttuliðið um mitt sumar 2018 og hjálpaði liðinu að komast upp úr 2. deild.

Árið 2019 var ár Péturs Theodórs. Hann var markahæsti leikmaður Mjólkurbikarsins með 9 mörk og var lykilmáður í liði Gróttu sem sigraði Inkasso-deildina eftirminnilega í sumar. Pétur var valinn besti leikmaður fyrri hluta mótsins, hann var markakóngur deildarinnar með 15 mörk í 22 leikjum og í lok tímabilsins var Pétur í liði ársins! Pétur Theodór var valinn leikmaður ársins hjá Gróttu á lokahófi meistaraflokkanna en einnig var hann kjörinn leikmaður leikmanna af liðsfélögum sínum. Pétur er mikill liðsmaður með stórt Gróttuhjarta. Hann æfir af krafti og hugsar vel um sig utan vallar. Fyrirmyndarleikmaður í einu og öllu.



Glæsilegt íþróttafólk sem hlaut tilnefningar til íþróttakonu og manns Seltjarnarness 2019.



Landsliðsfólk á Seltjarnarnesi 2019.



Ungt og efnilegt íþróttafólk á Seltjarnarnesi.



Íslandsmeistarar í fimleikum á árinu 2019.



Daníel Ingi Arason og Jenný Guðmundsdóttir hlutu viðurkenningar fyrir félagsstörf.



Þessi flotti hópur úr Holti heimsótti bæjarskrifstofunnar.

Börn í Leikskóla Seltjarnarness brugðu sér af bæ í tilefni dags leikskólans sem haldinn var hátíðlegur í leikskólum landsins fimmtudaginn 6. febrúar. Börnin heimsóttu hinar ýmsu stofnanir á Seltjarnarnesi. Hópa leikskólabarna mátti meðal annars sjá í hjúkrunarheimilinu Seltjörn, Valhúsaskóla, í þjónustukjarna við Skólabraut og á bæjarskrifstofum Seltjarnarnesbæjar.

Sjötti febrúar er merkilegur dagur í sögu leikskólans því það var á þessum degi árið 1950 sem frumkvöðlar leikskólakennara stofnuðu fyrstu samtök sín, eða fyrir sléttum 70 árum. Leikskólakennarar, stjórnendur leikskólanna og starfsfólk notar daginn til að vekja athygli á fagmennsku og því frábæra starfi sem unnið er í leikskólum landsins á degi hverjum. Þetta er í 13. skipti sem deginum er fagnað með formlegum hætti.

MYNDATÖKUR
við öll tækifæri

Ljósmyndastofan
Eiðistorgi

Tímamantanir
552-0624
milli kl. 13-17

Áralöng reynsla
Erling



Menntun og tækifæri

Samfylking Seltirninga boðar til aðalfundar og opins fundar um menntamál. Þessar vikurnar stendur yfir vinna við gerð nýrrar menntastefnu fyrir Seltjarnarnes sem mun ná yfir leik-, grunn- og tónlistarskóla Seltjarnarness ásamt frístundarmiðstöð. Gestir fundarins verða **Skúli Helgason** sem mun kynna nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar og **Þorleifur Örn** grunnskólakennari sem mun fara yfir sóknartækifæri í grunnskólastarfi.

Dagskrá

19:30 - Hefðbundin aðalfundarstörf
20:00 - Skúli Helgason - Ný menntastefna
20:15 - Þorleifur Örn - Sóknartækifæri
20:30 - Almennar umræður um menntamál

Hvar og hvenær?

- Þriðjudaginn 25. febrúar
- Bókasafni Valhúsaskóla
- Milli 19:30 og 21:30
- Boðið verður upp á kaffi og með því

Stanslaust stuð á Safnanótt bókasafnsins

- fólk skemmti sér konunglega

Margt var um manninn á Safnanótt Bókasafns Seltjarnarness föstudaginn 7. febrúar. Á bilinu 200 til 300 manns tóku þátt í viðburðinum. Fólk virtist skemmta sér hið besta og staldraði lengi við enda afar metnaðarfull og þétt dagskrá í boði.

Gleðin skein úr hverju andliti þegar að söngleikhópurinn Tónafljóð söng og lék þekktustu Disney-lögin og krakkarnir. Spennan magnaðist svo bara þegar að Jón Víðis sýndi stórkostleg töfrásýningu og hreif börnin með sér um töfraheima. Margir krakkar voru snöggir að bjóða Jóni fram aðstoð sína við töfrabróðin sem skapaði bæði mikla undrun og kátínu hjá þeim og áhorfendum. Í framhaldi af töfrásýningunni bauð Jón upp á töfrasmíðu og kenndi þeim sem vildu alls kyns töfrabróð.

Unga fólkíð tók svo völdin á sviðinu og heillaði gesti með fallegum söng og hljóðfæraleik. Fyrst var það Þór Ari Grétarsson sem tók tvö falleg lög en síðan hljómsveitin Skelin Dion sem var líka alveg frábær. Einstakt tríó

tróð svo upp þegar að líða tók á Safnanótt en það var skipað tveimur fyrirverandi bæjarlistamönnum þeim Ara Braga Kárasyri og Friðriki Karlssyni ásamt Þorbergi Skagfjörð. Þeir spiluðu mjög svo hressandi Latin og Bossanova tónlist.

Allt kvöldið var boðið upp á fjölbreytt Disney-fjör í barnadeildinni og horfa á Mikka mús teiknimyndir. Sýningar voru í gangi í barnadeildinni og í Gallerí Gróttu. Um kvöldið var ennfremur hægt að taka þátt í ratleik, getraun og spila bingó við miklar vinsældir gesta enda fjöldi vinninga í hverri umferð. Enginn þurfti að verða svangur á Safnanótt því boðið var upp á pylsur, ávexti og drykki.

Safnanóttin þetta árið var virkilega vel heppnuð og skemmtileg en um er að ræða árlegan viðburð og hluti af Vetrarhátíð á höfuðborgarsvæðinu sem er sífellt að festa sig betur í sessi.



KOMDU MEÐ BÍLINN
Í TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnurnst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheinsun á bíl.



Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



TJÓNAVIÐGERÐIR

Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is



MOTUL

SMURLOTTÓ




Þú kemur með bílinn þinn í smurbjónustu í Motormax Vatnagörðum 12 á tímabilinu 10. janúar - 1. apríl og þú ert komin/n í pottinn.

Í verðlaun eru tveir VIP miðar á

KAPPAKSTUR Á SPA BRAUTinni í BELGÍU

í boði Motul og Motormax
flug og gisting innifalin

MOTUL **MotorMax**

Skemmtilegt verkefni á Eiði

Við á deildinni Eiði í leikskóla Seltjarnarness erum að vinna með mjög skemmtilegt verkefni um þessar mundir. Verkefnið byggir á aðferð sem kallast könnunaraðferðin og er unnið út frá áhuga barnanna. Verkefnið er sérstaklega skemmtilegt í ár og hugmyndin kemur út frá þema leikskólans þetta árið sem er Jörðin. Það er unnið í samstarfi við foreldra barnanna á deildinni og hefur það farið hratt stækkandi. Unnið er í tveimur hópum og völdu báðir hóparnir að vinna með eldfjöll eftir að hafa unnið með hugarkort þar sem jörðin var í miðdepli. Annar hópurinn valdi eldfjöll á Íslandi og eru þau mjög heilluð af gosinu í Vestmannaeyjum. Hinn hópurinn valdi eldfjöll úti í heimi. Einnig hafa báðir hóparnir fylgst vel með og sýnt áhuga á kvikumyndun undir Þorbjarnarfelli.

Við tökum þátt í HönnunarMars og verðum með sýningu á verkefninu í Norræna húsinu en það er einn þáttur í foreldrasamstarfinu þar sem við erum svo heppin að Þórey Eva stjórnandi HönnunarMars er foreldri hjá okkur á deildinni. Við erum einstaklega heppin með hversu áhugasamir foreldrar hafa verið við að aðstoða okkur í verkefninu t.d. höfum við fengið heimsókn frá fagstjóra í líffræði og jarðfræði við Menntaskólann í Reykjavík til okkar. Fræddi hún okkur um jarðskjálfta og kom með ýmislegt skemmtilegt til að sýna börnunum og segja frá t.d. hraun, ösku, alls konar steina og gerð var tilraun með vikurstein og vatn sem sló í gegn. Einnig fengum við til okkar einn afa sem sagði okkur frá gosinu í Vestmannaeyjum. Börnin voru búin að setja saman spurningar sem höfðu vaknað hjá þeim



í umræðum um gosið. Börn og starfsfólk lærðu mikið af þessari heimsókn.

Magnús Tumi fræddi börnin um eldgos

Einn pabbinn hjá okkur tók sig til og sendi póst á Magnús Tuma eldfjallasérfræðing og

fékk hann til að taka á móti okkur í HÍ og fræða okkur um eldgos og eldfjöll en unnið er að finna tíma og dag sem hentar öllum. Allt starfsfólk deildarinnar hefur verið fullt af áhuga og einstaklega gaman að vinna verkefni sem allir taka þátt í af ánægju og gleði en ég er einstaklega heppin með samstarfsfólk á deildinni. Verkefnið hefur verið tekið upp og mikið af myndum verið teknar af ferlinu sem Gunnar Páll auglýsingaleikstjóri, annað foreldri, ætlar að setja saman fyrir okkur svo hægt verði að sjá ferli verkefnisins á sýningunni. En það sem er svo gaman við könnunaraðferðina er að hægt er að sjá ferlið frá upphafi til enda sem og þá þekkingu sem börnin hafa tileinkað sér. Þetta er bara hröð yfirferð á verkefninu sem fléttast svo líka í listaskála þar sem hvert barn er að búa til sína eigin jörð.

Opna sýningu formlega 28. mars

Á sýningunni verða einnig teikningar og skissur af ferlinu frá börnunum og samvinnuverkefni sem er stórt eldfjall, allt það ferli er í höndum Kristínar Vilborgar sem er verkefnastjóri í listaskála en hún er einnig leirlistarkona sem tengir okkur enn betur við sýninguna og þátttöku í HönnunarMars. Börnin opna sýninguna formlega laugardaginn 28. mars kl. 13 og eru þau að útbúa boðskort sem og gestalista sem sendur verður út í byrjun mars. Nafnið á sýningunni kom svo með lýðræðislegum hætti þar sem allir komu með hugmyndir af nafni sem var svo kosið um í samverustund. Fyrir valinu varð "Eldurinn í jörðinni".

Helga Lotta deildarstjóri á Eiði.



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opnið virka daga kl. 10 - 18:30





Leikskólabörn heimsóttu Mýró

Í lok janúar sl. fóru elstu nemendur leikskólans í heimsókn í Mýrarhúsaskóla. Þetta er flottur hópur sem við hlökkum til að fá í Mýrarhúsaskóla næsta haust segir á vef Grunnskóla Seltjarnarness.

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Við höfum opnað nýjan og endurbættan vef:

www.gamafelagid.is



Þú færð hálkusaltið hjá okkur
5kg í poka, 10kg í fötu og 25kg í poka



SALTKAUP
Salt - Umbúðir - íbættiefni

Saltkaup ehf | Cuxhavengata 1 | 220 Hafnarfjörður | Sími 560 4300 | saltkaup.is

FLYTJUM BÍLA OG VÉLAR UM ALLT LAND
OG TÖKUM BÍLA Í FÖRGUN - S: 840 9595



BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét A. Guðjónsd.



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



UMHVERFISHORNIÐ



Kríuvarp á Seltjarnarnesi 2019

Jóhann Óli Hilmarsson, fuglafræðingur hefur fylgst vel með fuglavarpinu á Seltjarnarnesi síðustu áratugi og kannað útbreiðslu og þéttleika varpugla á Nesinu annað hvert ár fyrir umhverfisnefnd. Í skýrslu Jóhanns Óla sem kom út í lok desember 2019 segir að kríuvarpið í sumar hafi verið í meðallagi. Fuglum fer fækkandi, flatamál varpsins dregst saman en þéttist að sama skapi. Í Dal í Suðurnesi er samdrátturinn mest áberandi og fækkaði hreiðrum úr 710 í 245 en þar hefur lengi verið eitt stærsta og öflugasta kríuvarpið á Seltjarnarnesi. Sömu sögu er að segja af öðrum varpsvæðum í Suðurnesi en þar fækkaði hreiðrum úr 1.235 í 847 milli talninga. Varpið í Snoppu var minna og afmarkaðra og fækkaði hreiðrum úr 405 í 180. Mikil fjölgun var hins vegar á kríuvarpi í Gróttu í sumar og fundust 240 hreiður en aðeins 20 árið 2017.

Áhugasamir geta kynnt sér skýrsluna „Varpuglar á Seltjarnarnesi árið 2019“ á vefslóðinni shorturl.at/BQSY6 eða á vefsíðu Seltjarnarnesbæjar.

Hannes Tryggvi Hafstein
Formaður umhverfisnefndar

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

FJÖR OG FRÆDSLÁ

Ýmis verkefni og viðburðir hafa verið í gangi frá því að síðasta blað Nesfrétta kom út og margt spennandi framundan.

Í janúarmánuði var farið í mjög ánægjulega og skemmtilega heimsókn í Grafarvogskirkju. Þar fengum við upplýsingar og fræðslu um félagsstarf eldri borgara í kirkjunni, tekið var í spil og mikið sungið og trallað undir stjórn söngstjóranna Hilmars Arnar og Friðriks Vignis. Í lokin var svo boðið upp á kaffi og krásir. Í tilefni þorra var svo þorragleði í kirkjunni síðasta þriðjudag janúarmánaðar. Stundin var vel sótt, maturinn framúrskarandi góður. Gunnar Rögnvaldsson frá Hrauni söng gamanlög og sagði skemmtisögur og Friðrik Vignir lék á nikkuna.

Næsta ferð er þriðjudaginn 18. febrúar, en þá verður farið í Þjóðmenningarhúsið við Hverfisgötu. Þar er yfirskrift sýningar Sjónarhorn. Menningararfur Íslendinga. Þegar fólk hefur drukkið í sig menninguna verður gengið yfir Hverfisgötuna á Hótel 101 Reykjavík þar sem boðið verður upp á kaffi og krúðerí.

Fyrsta fræðslustund Sunnu hjúkrunarfræðings var fimmtudaginn 30. janúar. Umræðuefnið var að megninu til um mikilvægi hreyfingar eldri borgara. Stundin var vel sótt og umræður góðar í kjölfarið. Umræðan var góður undirbúningur fyrir tilraunaverkefnið okkar Farsæl Öldrun sem félagsstarfið, frístund og Gróttu eru að setja af stað. Næsta fræðslustund hjúkrunarfræðings verður svo þriðjudaginn 25. febrúar og frestast til kl. 14.30 (í stað 13.30). Málefnið sem til stendur að ræða eru svefnraskanir, kvíði, mikilvægi samskipta og félagsstarf. Hvetjum fólk til að fjölmenna.

KYNSLÓÐIRNAR

Á undanförunum vikum höfum við fengið skemmtilegar heimsóknir í aðstöðuna á Skólbraut. Alla mánudaga og miðvikudaga koma 6 krakkar úr frístund Mýrarhúsaskóla. Þau mæta í handavinnutíma hjá Rögnu sem leiðbeinir þeim í þrjónaskap, dúska og lyklakippugerð svo eitthvað sé nefnt. Þar er alltaf mikið spjallað og glatt á hjalla.

Á föstudegi um miðjan janúar mætti Inga Björg tónmenntakennari

Mýrarhúsaskóla með einn bekkinn sinn í söngstund hjá eldri borgurum. Fjórið var svo mikið að þau vildu helst fá að vera lengur og syngja meira.

Á fimmtudögum eru svokallaðir "Kriflamorgnar" í kirkjunni. Fimmtudaginn 30. janúar fengum við hópinn mæður og börn í heimsókn í kaffirkólinn á Skólbraut. Það var mikil gleði og gaman að fá þessa heimsókn. Allir undu vel bæði ungir og aldnir og viku seinna mættu svo 30 leikskólabörn sem sungu sig inn í hjórtu eldri borgaranna í salnum á Skólbraut með fallegum söng, tjáningu og innlifun. Á næstu dögum mætir svo fyrsti hópur bingó-spilara úr Mýró á þessu ári og spila þá ungir og eldri saman í salnum á Skólbraut. Vonum svo sannarlega að það verði áframhald á heimsóknum í þessum dúr.

FARSÆL ÖLDRUN

Tæplega fimmtíu manns mættu á kynningarfund sem haldinn var í hátíðarsal Gróttu þriðjudaginn 11. febrúar þar sem Eva Katrín Friðgeirsdóttir íþróttfræðingur kynnti fyrirhugað námskeið sitt í samstarfi við félagsstarf eldri bæjarbúa, frístundamiðstöð og Gróttu. Verkefnið nefnist FARSÆL ÖLDRUN og er byggt á samspiili líkamlegrar, félagslegrar og andlegrar vellíðunar á efri árum. Ákveðið var að vara af stað með verkefnið sem tilraun í 3 mánuði ef næg þátttaka fengist, en lágmarksfjöldi er 32 sem skiptist í fjóra hópa. Það er skemmt frá því að segja að það fylltist á öll námskeiðin samstundis og færri komust að en vildu, og því kominn biðlisti. Fyrsti tími verður þriðjudaginn 18. febrúar.

SAMVERUSTUNDIR

Þriðjudaginn 25. febrúar á Sprengidaginn verður Góugleði í safnaðarheimili kirkjunnar kl. 12.30. Saltkjöt og baunir á kr. 2.300.- Guðni Ágústsson kemur í heimsókn og spjallar við viðstadda. Mikill söngur. Skráningarblöð í kirkjunni, Skólbraut og Eiðistorgi. Fimmtudaginn 27. febrúar verður Gaman saman í salnum á Skólbraut kl. 17.30. Notaleg stund, spjall og samvera. Léttar veitingar. Skráningarblöð á Skólbraut og Eiðismýri. Verð kr. 2.500.-



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Menntun og tækifæri

Eitt af því besta við að búa á Seltjarnarnesi er hversu gott það er að alast hér upp. Vel skipulögð umgjörð og öflugt fagstarf í leik-, grunn- og tónlistarskólanum ásamt frábæru gæðastarfi í íþrótt- og tómstundastarfi bæjarins gerir Seltjarnarnes að einum eftirsóttasta stað landsins til að ala upp börn. Þessum gulleggjum þarf þó að viðhalda með uppbyggingu innviða og stuðningi við fagfólk sem vill

þróa fræðslustarfið á Nesinu til framtíðar.

Því miður hafa komið upp mál í vetur þar sem stjórnendur bæjarins hafa lent upp á kant við kennara í leik- og grunnskólum bæjarins og er komin þreyta í kennarahópinn þar sem loforð um bætt kjör og betri aðbúnað eins og bygging nýs leikskóla dragast sífellt á langinn.

Það eru fjölmörg tækifæri hér á Nesinu til þess að styðja við öflugt menntastarf og stendur nú yfir þessar vikurnar stefnumótunarvinna í menntamálum á Seltjarnarnesi

þar sem móta á stefnu til næstu ára. Að því tilefni boðar Samfylking Seltirninga til opins fundar um menntamál 25. febrúar næstkomandi á bókasafni Valhúsaskóla klukkan 20:00. Á fundinum verða fluttar stuttar kynningar um nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar og þau tækifæri sem felast í grunnskólakerfinu á Nesinu en fyrst og fremst viljum við heyra frá bæjarbúum hvað ykkur finnst að vel sé gert og hvar mætti sækja fram í skóla- og frístundamálum á Nesinu.



Hildur Ólafsdóttir.



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

*Hildur Ólafsdóttir
– Fulltrúi Samfylkingar Seltirninga í skólanevnd*

*Guðmundur Ari Sigurjónsson
– Bæjarfulltrúi Samfylkingar Seltirninga*

Gerðu góðverk í dag

907 2002



Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

**HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS**

1717



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

+ Raði kross Íslands

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna



TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

Skoðun dagsins:

**[Það er alltaf logn
á Grandanum]**



Komdu með bílinn á
Hólmaslóð 2 úti á Granda
og fáðu skoðun sem gildir
í ár eða lengur



Frumherji

AFGREIÐSLUTÍMI mán.-fös. kl. 8-17



Ofurhetjumót Gróttu

Ofurhetjumót fimleikadeildar Gróttu fór fram í nýja fimleikasalnum 25. og 26. janúar síðastliðinn. Þetta var í 11. sinn sem mótið er haldið en það hét áður Hello Kitty mótið. Góður rómur var gerður að nýja salnum og mikil ánægja var meðal þjálfara með allan aðbúnað og áhöld. Þetta var fyrsta stóra mótið sem haldið hefur verið í fimleikasalnum. Það var mjög lærdómsríkt fyrir okkur sem stöndum að starfinu í fimleikadeildinni að keyra svona stórt mót í salnum.

Á mótinu kepptu um 260 keppendur á aldrinum átta til 12

ára og komu frá sex fimleikafélögum. Keppt var í 4., 5. og 6. þrepi íslenska fimleikastigans. Gleðin skein úr augum keppenda en hluti þeirra var að stíga sín allra fyrstu skref í fimleikakeppni. Það þarf djörfung og hug til þess að stíga út á keppnisgólfið og börnin öðlast reynslu sem nýtast mun þeim til framtíðar. Fimleikadeildin vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra sjálfboðaliða sem lögðu hönd á plóg við framkvæmd mótsins. Þjálfarar deildarinnar eru hoknir af reynslu og tóku nokkrir virkan þátt í skipulagningu mótsins. Sesselja Järvälä yfirþjálfari keppnishópa dró vagninn og á heiður skilinn fyrir aðkomu sína að skipulagningu. HB heildverslun og fimleikavörur.is fá sérstakar þakkir fyrir stuðning sinn við deildina í gegnum árin. Við undirbúning mótsins sannaðist enn og aftur hversu öflugt og frábært fólk stendur að börnunum í fimleikadeildinni. Með aðstoð sjálfboðaliða og foreldra úr Gróttu tókst okkur að gera Ofurhetjumótið 2020 að eftirminnilegum viðburði og vonumst við að sjálfsgöðu til þess að sjá allar fimleikaofurhetjurnar aftur að ári.



Tinna Brá á leið til Írlands

Gróttukonan Tinna Brá er í hóp U17 ára kvenna landsliðsins sem hélt til Írlands til að leika tvo vináttuleiki. Leikið var á Írlandi dagana 14. og 16. febrúar.

Tinna Brá er á eldra ári í 3. flokki en æfir einnig og spilar með meistaraflokki kvenna. Tinna Brá er gríðarlega efnilegur markmaður sem vann m.a. það afrek að vera fyrsta landsliðskona Gróttu þegar hún lék með U15 ára landsliðinu í Víetnam s.l. sumar. Knattspyrnudeild Gróttu óskar Tinnu til hamingju með valið.



Rakel Lóa á úrtaksæfingum U16 ára landsliðsins

Gróttukonan Rakel Lóa Brynjarsdóttir var valin í hóp U16 ára kvennalandsliðsins sem æfði saman 29. til 31. janúar undir stjórn Jörundar Áka Sveinssonar.

Rakel er á sextánda ári og því á eldra ári í 3. flokki en æfir alfarið með meistaraflokki Gróttu. Rakel er mjög efnileg knattspyrnukona sem er búin að stimpla sig vel inn í meistaraflokk.



Sjötti flokkur karla kom með bikar frá Njarðvík



Strákar úr sjötta flokki.

Sjötti flokkur karla skellti sér á Njarðvíkurmótið í byrjun febrúar. Gróttu tefldi fram fimm liðum á mótinu en spilað var í Reykjaneshöllinni.

Fallegur fótbolti og leikgleði var fremst í flokki og allir leikmenn stóðu sig með þryði. Lið Gróttu í Ensku-deildinni gerði sér svo lítið fyrir og vann sína deild á mótinu.

Sjöundi flokkur kvenna á fótboltamóti HK og Auðar



Stelpur úr sjöunda flokki.

Þrjátíu stelpur úr 7. flokki kvenna spiluðu á fótboltamóti Auðar og HK laugardaginn 18. janúar.

Gróttu tefldi fram fimm liðum á mótinu og skemmtu sér allir gríðarlega vel. Sigrar, töp og jafntefli en umfram allt leikgleði og baráttu.

GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER

170

MEIRI ORKA 2020



Landsins mesta úrval af korkjógadýnum. Korkurinn er framtíðin. Þú þarft aldrei jógahandklæði. Verð frá 16.500 kr.



Frábær lífrænn og umhvefisvænn fatnaður.



Tunguskafan er 2 x mikilvægari en tannbursti.



Viridian vítamín og bæstiefni. Mikið úrval og einstök gæði.



Allt lífrænt og án hvíts sykur og hveiti. Sumt glútenlaust og margt vegan.



Hugleiðsla & hafragrat - Fylgstu með á facebook



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Íris Björk Símonardóttir en hún var nýlega kjörin íþróttakona Seltjarnarness. Íris er markmaður hjá Íslands- og bikarmeisturum Vals í handbolta og á 71 landsleik fyrir A-landslið Íslands í handbolta. Hún á tvö börn þau Aron Bjarka 7 ára og Öddu Björgu 2 ára með manninum sínum, Arnari Þorkelssyni. Íris er uppalinn í Gróttu og var Íslands- og bikarmeistari með félaginu 2015 og 2016.



Fullt nafn? Íris Björk Símonardóttir.
Fæðingard. og ár? 26. júní 1987.

Starf? Hjúkrunarfræðingur.

Farartæki? Mitsubishi Outlander.

Helstu kostir? Ég get verið mjög hvatvís- sem er bæði minn helsti kostur og galli.

Eftirlætis matur? Mexíkanskur.

Eftirlætis tónlist? Gamalt og gott íslenskt.

Eftirlætis íþróttamaður? Þegar ég var barn var það alltaf Michael Jordan.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Gilmore Girls.

Besta bók sem þú hefur lesið? Meistarinn.

Uppáhalds leikari? Sandra Bullock.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Lethal weapon myndirnar.

Hvað gerir þú í fristundum þínum? Hef það notalegt með fjölskyldunni.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Botnstjörn í Ásbyrgi og Síða við Kirkjubæjarklaustur.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Einlægni og kurteisi.

Hvern vildir þú helst hitta? Ragga Bjarna.

Uppáhalds vefsíða? Ég held ég verði bara að segja mbl.is

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Spadag með nuddi.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti?

Við myndum örugglega nýta það í að stækka við okkur.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

Vinna í því að fá Íslensku Flatbókuna á Nesið.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Vera góð fyrirmynd fyrir börnin mín og búa þau sem best undir lífið.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Ferðaðist með fjölskyldunni til Spánar og Ungverjaland.

Nesfréttir www.borgarblod.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is



EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65%
stærra
lessvæði



Velkomin
í nýja
verslun
okkar á
Hafnartorgi



SJÓNMAELINGAR
Tímapantanir: 528 8505

Optical Studio
HAFNARTORGI